

FRÉTTATILKYNNING

# SAIL NORTH 2011

## HÚSAVÍK - ICELAND



Víkuna 25. - 31. júlí árið 2011 verður haldin á Húsavík seglskipahátíð þar sem áhersla verður lögð á hefðbundin seglskip.

Meiningin er að höfða til áhugafólks um siglingar, frá nágrennalöndum til þessarar hátíðar. Þegar til Húsavíkur verður komið gefst aðkomuskipum kostur á að taka þátt í siglingakeppni frá Húsavík en þeir viðkomustaðir sem til greina koma eru einna helst Siglufjörður og Grímsey.

Dagsetningin sem valin hefur verið er vegna Húsavíkurhátíðar, (Sænskra daga og Mærudaga) sem fram fer þessa viku ár hvert. Sem kunnugt er var hinn sænski víkingur Garðar Svavarsson fyrstur norræna landkönnuða til að uppgötva að Ísland er eyja. Garðar hafði vetursetu á Húsavík árið 870 og nefndi landið Garðarshólm.

Verndari "Sail North 2011" er landkönnuðurinn og rithöfundurinn heimskunni Arved Fuchs.

Húsavík, 13. júní 2008  
Heimir Harðarson  
s. 893 1751

heimir@nordursigling.is  
www.nordursigling.is  
www.schooner.is



Undanfarin ár hefur á Húsavík verið lögð áhersla á varðveislu strandmenningar og þar er nú að finna eina lifandi fulltrúa hinnar íslensku skútualdar, skonnortuna Hauk. Hér fylgir hún Dagmar Aaen úr höfn árið 2006.



Arved Fuchs við stýrið á Dagmar Aaen á Húsavík sumarið 2006, [www.arved-fuchs.de](http://www.arved-fuchs.de)

